

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 5. febrúar 2020.

Staður: Fundarstaður skrifstofa á 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.40.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson og Sveinn Sigurbergsson. Forföll: Kristinn Arason. Gestir: Karólína Helga Símonardóttir Blakfélagi Hafnarfjarðar, Sveinn Stefánsson Bogfímifélaginu Hróa Hetti og Jelena Kospenda Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar.

Dagskrá:

1. Nefnd um þjálfaramenntun

Nefndin hefur það hlutverk að gera vinnureglur við hvatann þjálfaramenntun við mat umsókna félaga þegar sótt er um styrki sem byggja á samningi milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar til styrktar íþróttastarfi fyrir yngri en 18 ára iðkendur. Nefndina skipa Kristinn Arason, Aðalsteinn Valdimarsson, Sveinn Sigurbergsson og Viðar Halldórsson.

2. Ljósmyndakeppni 2019

Keppnin rædd, fjöldi umsókna og auglýsingar á henni. Samþykkt að fella keppnina niður vegna ónógrar þátttöku.

3. Ráðstefnan – jafnrétti barna og unglinga í íþróttum

Lagt fram til kynningar. Ráðstefnan sem fór fram 23. janúar sl. og var haldin í tengslum við Reykjavíkurlækkana 2020. Athygli vakinn á erindinu „Jafnrétti til íþróttaiðkunar. Sýn barna“ sem Salvör Nordal umboðsmaður barna hélt og erindinu „Áskoranir transbarna í íþróttum“ sem Hugrún Vignisdóttir sálfræðingur hjá skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíðar hélt.

4. Siglingaþing Siglingasambands Íslands

Verður haldið 22. febrúar nk. í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Samþykkt að Ragnar Hilmarsson verði fulltrúi ÍBH á þinginu.

5. Karateþing Karatesambands Íslands

Verður haldið 16. febrúar nk. í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Samþykkt að Magnús Gunnarsson ræði við karatedeild Hauka um hver verði fulltrúi ÍBH á þinginu.

6. Óskað eftir umsögn um verklagsreglur varðandi val á íþróttaliði, íþróttakarli og íþróttakonu

Lagt fram til kynningar. Samþykkt að stjórn ÍBH fái vikufrest til að koma með athugasemdir við reglurnar og skili þeim til skrifstofu ÍBH, sem kemur þeim áfram til ÍTH.

7. Óskað eftir umsögn varðandi veitingu verðlauna fyrir deildarmeistaratitil í efstu deild hveirrar íþróttagreinar

Stjórn ÍBH fagnar vilja til aukins stuðnings við þær íþróttagreinar sem stundaðar eru í Hafnarfirði og samþykkir veitingu verðlauna fyrir deildarmeistaratitla í efstu deild.

8. Starfsskýrslur ÍSÍ

Lagt fram til kynningar. Vakin athygli á skilafresti skýrslanna í Felix ÍSÍ fyrir 15. apríl 2020. Bréf frá ÍSÍ um efnið var sent á öll aðildarfélög og deildir 14. janúar sl.

9. Hádegisfundur ÍSÍ – börn af erlendum uppruna í íþróttastarfi

Lagt fram til kynningar. Fundurinn fór fram 29. janúar sl. í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal og var streymt beint. Upptaka af fundinum kemur á heimasíðu ÍSÍ undir fræðsla, hádegisfundir.

10. Tillaga um launasjóð afreksíþróttafólks

Lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks. Stjórn ÍBH fagnar þingsályktunartillögunni og hvetur til samþykktar frumvarps sem byggir á henni sem fyrst.

11. Rio Tinto – skilti og fánar

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir félög sem vantar Rio Tinto fána og skilti. Fyrirtækið og ÍBH verða í sambandi við félögin þegar fánar og skiltin eru tilbúin.

12. Bréf frá félagsmanni Hestamannafélagsins Sörla um snjómokstur

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra ÍBH að rita félagsmanninum bréf, þar sem honum er bent á að beina erindinu til stjórnar Hestamannafélagsins Sörla.

13. Heimsóknir aðildarfélaga á stjórnarfund:

Blakfélag Hafnarfjarðar. Karólína.
Bogfímifélagið Hrói Höttur. Sveinn.
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar. Jelena.

14. Önnur mál

a). SS hóf umræður um forgangsöröðun ÍBH sem var samþykkt á síðasta þingi ÍBH í maí 2019. Reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Sörla, knattús hjá Knattspyrnufélaginu Haukum og aðrar framkvæmdir.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.